

Ed.

233. Frumvarp til laga

[148. mál]

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Rannveig Þorsteinsdóttir.

1. gr.

Við 10. gr. laganna hætist:

Giftri konu, sem aflar heimili sínu skattskyldra tekna, er heimilt að draga frá skattskyldum tekjum, er hún aflar, jafnháa upphæð (kaupgjald og friðindi) og það kostar samkvæmt meðalútreikningi Hagstofu Íslands eða annarrar slíkrar stofnunar að hafa heimilishjálp jafnlengi og samtímis því, að tekjuöflunin stendur yfir. Frádráttur fyrir heimilishjálp vegna öflunar skattskyldra tekna má þó aldrei vera hærri en vinnulaun konunnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að tilhlutan skattamálanefndar Kvenréttindafélags Íslands og er í samræmi við ályktanir landsfundar félagsins á síðastliðnu sumri.

Efni frumvarpsins er það að heimila giftri konu, sem aflar heimili sínu skattskyldra tekna, að draga frá skattskyldum tekjum sínum upphæð, sem svarar til kostnaðar við að hafa ráðskonu eða aðra hjálpu til þess að annast heimilisstörfin. Upphæð þessi á að miðast við það, hvað það kostar í kaupgjaldi, fæði og húsnæði að hafa ráðskonu á heimilinu, og á að reikna með árskostnaði, ef konan vinnur fullt ársstarf. Ef konan vinnur ekki fullt ársstarf, skal frádráttur þessi vera í hlutfalli við þann tíma, sem það tekur konuna að afla þeirra tekna, sem henni eru reiknaðar.

Konur, sem afla heimili sínu skattskyldra tekna og þurfa vegna vinnu sinnar að kaupa hjálpu til heimilisstarfa, fá nú mest tvöfaldan persónufrádrátt fyrir það, en verða að leggja heildartekjur sínar við tekjur manna sinna og komast við það flestar í miklu hærri skattstiga en þær mundu gera, ef einstaklingur ætti í hlut. Hjálpu til heimilisstarfa getur verið með ýmsu móti. Hún getur verið í því fólgin að hafa stúlku og veita henni fæði og húsnæði, auk launa. Hún getur líka verið í því fólgin að taka stúlku til heimilisstarfanna að nokkrum hluta og greiða henni tímakaup fyrir vinnu sína. Einnig getur kona látið vinna utan heimilisins það, sem annars mundi unnið heima. Sem dæmi um þetta má nefna það, ef þvottur er sendur í þvottahús, keypt er vinna á öllum saumaskap og viðgerðum og matur að meira eða minna leyti keyptur tilbúinn. En hvern hátt sem konan hefur á því að létta sér störfin, þá kostar það bein útgjöld, sem henni er gert að greiða skatt og útsvar af að háum hundradshluta vegna samsköttunarinnar. Það hefur ætíð verið álitid rétt, að hvert heimili hefði skattfrjálsa vinnu einnar konu. En á þeim heimilum, þar sem konan vinnur að öflun skattskyldra tekna að einhverju leyti eða með fullu starfi, eru heimilin svipt þessum hefðbundnu friðindum. Í þessu felst augljóst ranglæti, og af þessum sökum er það, að samþykktir landsfundar Kvenréttindafélags Íslands á síðastliðnu sumri stefndu svo mjög að því að fá því framgengt, að konur gætu fengið frádrátt frá skattskyldum tekjum sínum vegna þessara útgjalda.